

# Gjaldskrá Vatnsveitu Skútustaðahrepps 2017



## 1. gr. Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í Skútustaðahreppi sem tengdar eru vatnsveitu Skútustaðahrepps, ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarfélagsins, nema sérstaklega sé um annað samið.

## 2. gr. Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,15% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001.

## 3. gr. Gjald dagar.

Gjald dagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjald dagar fasteignagjalda og greiðist vatnsgjaldið með fasteignagjöldum.

## 4. gr. Breytingar á gjöldum

Ákvörðun um vatnsgjald samkvæmt 2. gr. er tekin árlega af sveitarstjórn samhliða ákvörðun um álagningarstuðla fasteignagjalda.

## 5. gr. Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Vatnsgjald greiðist af hús - og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Vatnsgjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. 9. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, sbr. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta.

Vatnsgjald nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

## 6. gr. Gildistaka

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga nr. 32/2004, sbr. 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005, og tekur gildi frá 1. janúar 2017. Frá sama tíma falla úr gildi eldri gjaldskrár fyrir vatnsgjald í Skútustaðahreppi.

*Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 21. desember 2016.*